34 14. febr.

63. Kristín Tómasdóttir frá Saurbœ . .	(Eptirl. m. m.	1880:	100 kr.)	Nú veitt:	» kr.
64. Valgerður Þorsteinsdóttir frá Lundarbrekku	(—	—	—	55 —)	—	—	25 —
65. Kristjana Pálsdóttir frá Helgastöðum . .	(—	—	—	151 —)	—	—	20 —
66. Guðrún Sigurðardóttir frá Tjörn . . .	(—	—	—	170 —)	—	—	50 —
67. Málmfríður Jónsdóttir frá Upsum . . .	(—	—	—	100 —)	—	—	70 —
68. Helga Kristjánsdóttir frá Grenjaðarstað .	(—	—	—	254 —)	—	—	» —
69. Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddsstað . .	(—	—	—	50 —)	—	—	» —
70. Guðrún Jónasdóttir frá Höfða	(—	—	—	70 —)	—	—	50 —
71. Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík . .	(—	—	—	20 —)	—	—	20 —
72. Guðrún Stefánsdóttir frá Hólmum . . .	(—	—	—	32 —)	—	—	32 —
73. Kristrún Jónsdóttir frá Hólmum . . .	(—	—	—	» —)	—	—	» —

Af uppgjafaprestunum var hinn elzti 86 ára gamall, 4 aðrir komnir yfir áttrætt, 6 yfir sjögugt, 3 yfir sextugt, einn 52 ára, annar 46 ára.

Af prestaekkjunum var hin elzta 89 ára, 7 aðrar yfir áttrœtt, 17 yfir sjötugt, 18 yfir sextugt, hinar yngri (ein 26 ára).

35 16. febr. — **Brjef landshöfðingja *til biskups* um skilning á 5. grein laga um skipun prestakalla.** — Í brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer, herra biskup, talið það sjálfsagt, að þau brauð, sem tillag er ætlað í lögum frá 27 febrúar f. á. um skipun prestakalla og veitt hafa verið eptir að lögin öðluðust staðfestingu konungs, hafi eptir 5. gr. laganna rjett til hins ákveðna tillags frá næstkomandi fardögum, og að tillag til slíkra brauða eigi ekki að takast af þeim 7000 kr., sem í 12. gr. fjárl. Á. b. l. eru ætlaðar til bráðabirgða uppbótar fátœkum brauðum. En með því að yður hefir þótt vissara að leita úrskurðar landshöfðingja um þetta, áður en þjer komið fram með tillögur um úthlutun þessara 7000 kr. fyrir þ. á., hafið þjer óskað vísbendingar minnar um, hvort þjer í tillögum yðar eigið að ganga fram hjá öllum þeim brauðum, er þannig sje ástatt með, og hvort að öðru leyti eigi beri að útbýta fje þessu til þeirra fátœku brauða sem eptir ástœðum sýnist í þetta sinn helst eiga að fá uppbót.

Útaf þessu vil jeg tjá yður herra biskup, að jeg í alla staði fellst á þenna skilning yðar bæði á 5. gr. laga 24. febrúar f. á. og á 12. gr. Á b. l. fjárlaganna.

36 3. marz. — **Brjef landshöfðingja *til biskups* um bráðabirgðauppbót á fátœkum prestaköllum.** — Eptir að hafa meðtekið tillögur yðar, herra biskups um skiptingu á þeim 7000 kr., sem með 12. gr. Á. b. l. fjárlaganna eru veittar til bráðabirgða uppbóta fátœkum prestaköllum á árinu 1881 hefi jeg skipt þessu fje eins og nú segir:

1. Skeggastaðir í Norðurmúla prófastsdœmi	100 kr.
2. Desjarmýri	100 —
3. Stöð í Suðurmúla prófastsdœmi	200 —
4. Kálfafellsstaður í Austurskaptafellsprófastsdœmi . .	200 —
5. Sandfell	400 —
6. Reynisþing í Vesturskaftafells prófastsdœmi	200 —
7. Stóruvellir í Rangárvalla prófastsdœmi	100 —
8. Holtaþing í Rángárvalla prófastsdœmi	100 —

9. Kálfholt í Rángárvalla prófastsdœmi	200 kr.	36
10. Staður í Grindavík í Kjalarness prófastsdœmi . . .	300 —	3. marz.
11. Lundur í Borgarfjarðar prófastsdœmi	150 —	
12. Hestsþing í Borgarfjarðar prófastsdœmi	150 —	
13. Hvammur í Mýra prófastsdœmi	100 —	
14. Skarðsþing í Dala prófastsdœmi	200 —	
15. Garpsdalur í Barðastrandar prófastsdœmi	200 —	
16. Gufudalur í Barðastrandar prófastsdœmi	200 —	
17. Sauðlauksdalur í Barðastrandar prófastsdœmi . . .	200 —	
18. Álptamýri í Vestur-Ísafjarðar prófastsdœmi	100 —	
19. Kirkjubólsþing í Norður-Ísafjarðar prófastsdœmi . .	200 —	
20. Staður í Aðalvík í Norður-Ísafjarðar prófastsdœmi .	400 —	
21. Ögurþing, til þess að þjóna Eyrarsókn, meðan brauðið er óveitt	100 —	
22. Staður í Grunnavík í Norður-Ísafjarðar prófastsdœmi	250 —	
23. Tröllatunga í Stranda prófastsdœmi	200 —	
24. Tjörn og Vesturhópshólar í Húnavatns prófastsdœmi	100 —	
25. Hvammur og Keta í Skagafjarðar prófastsdœmi . .	300 —	
26. Goðdalir í Skagafjarðar prófastsdœmi	200 —	
27. Knappstaðir í Skagafjarðar prófastsdœmi	200 —	
28. Fell í Skagafjarðar prófastsdœmi	300 —	
29. Miðgarður í Grímsey í Eyjafjarðar prófastsdœmi . .	200 —	
30. Hvanneyri í Eyjafjarðar prófastsdœmi	200 —	
31. Kvíabekkur í Suðurþingeyjar prófastsdœmi	200 —	
32. Þönglabakki i Suðurþingeyjar prófastsdœmi . . .	300 —	
33. Lundarbrekka í Suðurþingeyjar prófastsdœmi . . .	200 —	
34. Presthólar í Norðurþingeyjar prófastsdœmi	250 —	

Allar hinar ofannefndu upphœðir eru veittar fyrir fardaga árið 1881-82, og verða þær greiddar úr jarðabókarsjóði að helmingi 1. dag júlímán þ. á. og að hinum helmingnum 1. desember s. á.

Þetta er hjermeð í sambandi við brjef mitt frá 14 f. m.[1] um styrk handa Bergstaða prestakalli tjáð yður, herra biskup til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu* **um leyfislausa dvöl húsmanns, fyrir utan fœðingarhrepp sinn.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Austur-Landeyjahreppi á úrskurði yðar frá 15. desbr. 1879 um sveitfesti Bjarna nokkurs Björnssonar í Reykjavík, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi það, er hjer segir: 37 24. marz.

Með bœjarþingsdómi frá 12. febr. 1879 hefir nefndur Bjarni verið dœmdur í 10 kr. sekt samkvæmt 12. gr. tilsk. 27 maí 1864 fyrir að hafa 10 árum áður sezt að í tómthúsmennsku í Reykjavík, án leyfis hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

1) Með brjefi þessu var prestinum að Bergstöðum síra Stefáni M. Jónssyni veitt 200 kr. launauppbót um fardagaárið 1880-1881.

Hinn 6. maí 1881.

Reykjavík 1881. Einar Þórðarson.